



Hagur veiða og vinnslu 2023

Profitability in fishing and fish processing 2023

Samantekt

Hagnaður fyrirtækja í fiskveiðum og vinnslu fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs minnkaði á milli áranna 2022 og 2023. Frá árinu 2022 lækkaði hlutfallið (án milliviðskipta) úr 37% í 36,5%, hækkaði í fiskveiðum úr 24,6% árið 2022 í 24,9% af tekjum árið 2023 og lækkaði í fiskvinnslu úr 21,1% í 18,3%.

Hreinn hagnaður (EBT) þessara fyrirtækja, samkvæmt árgreiðsluaðferð minnkaði á milli ára, nam 24% árið 2023 samanborið við 26,3% árið 2022. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn tæpum 73 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð rúmum 38 milljörðum króna. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð nam hagnaðurinn rúmum 70 milljörðum króna eða 23,2% af tekjum árið 2023 borið saman við 27,3% árið áður.

Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Niðurstöður Hagstofunnar eru færðar til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur af fiskveiðum og útflutningsverðmæti sjávarafurða.

Úrvinnsla Hagstofu Íslands á þessum gögnum er með sama hætti og tíðkast hefur um langt árabil og er að mestu leyti reist á uppgjörsaðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga. Geta því niðurstöðurnar að einhverju leyti vikið frá niðurstöðu úr rekstrarframtölum fyrirtækja.

Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti þessi nálgun orðið til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu. Þetta er þó ekki einhlítt þar sem fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu eru oft smærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem ganga illa og skila ekki inn ársreikningi. Heildaráhrifin á niðurstöður eru líklega ekki mikil enda nær úrtakið til fyrirtækja sem eru með um 92% af veltu greinarinnar.

Eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hefur verið leiðrétt fyrir tvífærslum í samræmi við upplýsingar sem aflað var frá endurskoðendum. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun en rækjuvinnsla telst til frystingar en hersla og síldarsöltun með botnfisksöltun.

Í heftinu er birt yfirlit um rekstur ársins 2023 sem er fært upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegarins í heild árin 2017–2023. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 682 í úrtaki Hagstofunnar árið 2023 auk dreifingar eiginfjárlutfalls í sjávarútvegi 2022–2023.

Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðiárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí–ágúst fiskveiðiárið 2023 voru veiddar 11.375 lestir af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Rekstraryfirlitið sýnir 619 báta sem stunda strandveiðar en margir þeirra stunduðu strandveiðar með öðrum veiðum árið 2023 sem fyrr. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum(b.t.).

Birt er rekstraryfirlit báta >10–30 b.t. í töflu 12 og er rekstraryfirlitið dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta >10–200 b.t. Bátar >10–30 b.t. eru 194 en bátar >30–200 b.t. eru 33. Tafla 11 er ekki birt að þessu sinni þar sem ekki lágu fyrir nægar upplýsingar um uppsjávarfrystiskip sem frystu meira en 50% af uppsjávarafla.

Hagstofan fær upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja sem fylgja skattframtölum rekstraraðila en þær nægja ekki einar til þegar aðgreina þarf rekstur veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni.

Niðurstöður

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins minnkaði lítillega á milli áranna 2022 og 2023. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 37% í 36,5%. Í fiskveiðum hækkaði hlutfallið úr 24,6% árið 2022 í 24,9% árið 2023 og í fiskvinnslu lækkaði hlutfallið úr 21,1% í 18,3%. Í fjárhæðum fór hlutdeildin (EBITDA) í sjávarútvegi alls úr rúmum 119 milljörðum króna árið 2022 í tæplega 111 milljarða króna árið 2023.

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og vinnslu, reiknaður í hlutfalli af tekjum samkvæmt árgreiðsluaðferð, lækkaði úr 23,1% af tekjum árið 2022 í 19,2% árið 2023. Hreinn hagnaður botnfiskveiða lækkaði úr 15,7% af tekjum í 11,5% en hagnaður botnfiskvinnslu lækkaði úr 15% af tekjum í 13,9%. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og -bræðslu fór úr 42,5% í 41,8%. Í heild var hreinn hagnaður sjávarútvegarins 24% af tekjum, að fráðregnum milliviðskiptum með hráefni árið 2023 en var 26,3% árið 2022. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn tæpum 73 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð rúmum 38 milljörðum króna. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að fráðregnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

Útflutningsverðmæti sjávarútvegs í heild minnkaði um 2,6%. Verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi hækkaði um 6,6% og magn útfluttra sjávarafurða dróst saman um 8,7%. Hlutfall olíu af tekjum í veiðum lækkaði úr 11,2% af tekjum í 10,1% af tekjum. Gengi bandaríkjadals og gengi evru styrktist á milli áranna 2022 og 2023, bandaríkjadalur um 2% og evra um 4,9%. Veiðigjald útgerðarinnar hækkaði á milli 2022 og 2023 eða úr 7,9 milljörðum króna í 10,9 milljarða króna. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrarkostnaði. Ný lög um veiðigjöld tóku gildi í ársbyrjun 2019.

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu á árinu 2023. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 28,8% og EBITDA uppsjávarveiðiskipa 31,7%. Í ferskfiskvinnslu var verg hlutdeild fjármagns 17,2% og hreinn hagnaður 11%.

Afkoma smábáta batnaði frá árinu 2022. Alls voru 780 smábátar að veiðum og öfluðu rúmlega 17 þúsund tonna að verðmæti tæplega 6,3 milljarða króna. Af þessum 780 smábátum voru 619 bátar, flestir minni en 10 b.t., við strandveiðar á árinu 2023. Afli þeirra var 11.375 tonn og aflaverðmætið rúmlega 4,5 milljarður króna. EBITDA smábáta í heild var 18,2% og þar af strandveiðanna 18,6%. EBITDA báta undir 10 tonnum á almennum veiðum var 17,1%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 b.t..

Munur á afkomu sjávarútvegarins í heild árið 2023 er rúmir 2 milljarðar, þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluaðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður var 24% skv. árgreiðsluaðferðinni en var 23,2% skv. hefðbundnu aðferðinni. Munurinn stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluaðferðin er notuð og er hún því hentugri ef lítið er á afkomuna yfir lengra tímabil. Þá er gjaldfærsla fólgin í árgreiðsluaðferðinni sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna, hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Í hefðbundnu uppgjöri er vaxtakostnaður gjaldfærður eins og hann varð af lánsfé en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé. Taka skal fram að óreglulegar tekjur og gjöld hafa í gegnum tíðina ekki verið tekin með inn í hagnað eða tap fyrirtækjanna fyrir tekjuskatt enda þótt það ætti skv. skattalegum reglum að gera það. Þar sem ársreikningar í úrtaki eru uppfærðir til heildar getur uppfærslan orðið misvísandi.

Hjá strandveiðibátum og einnig smábátum sýnir árgreiðsluaðferðin mun lakari afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá váttryggingaverðmæti bátanna, hlutfallslega mjög há.

Úr flokknum bátar >10-200 b.t. var tekið úrtak báta >10-30 b.t. Alls 194 bátar reyndust vera >10-30 b.t. og 33 bátar >30-200 b.t. Í flokknum alls var EBITDA 19,5% eða tæplega 5,7 milljarðar króna. Bátar >10-30 b.t. voru með 19,9% EBITDA eða tæpa 3,5 milljarða króna og bátar yfir 30 tonnum voru með 18,9% EBITDA eða 2,2 milljarða króna.

Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2023 og er hún innifalin í frýstingu vinnslunnar.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2023 um 1.059 milljarðar króna, heildarskuldir rúmir 554 milljarðar króna og eigið fé rúmir 505 milljarðar króna. Hagstofan fékk upplýsingar frá endurskoðendum um tilfærslur á milli fastafjármuna og eiginfjár vegna mats á hlutdeild í eigin fé annarra sjávarútvegsfyrirtækja en þær námu 165 milljörðum og eru taldar með í niðurstöðunum. Verðmæti heildareigna minnkaði um 0,3% frá 2022 og breytingar í varanlegum eignum voru engar. Skuldir jukust um 2,2%. Eigið fé var 505 milljarðar króna 2023 en var 520 milljarðar árið 2022. Eiginfjárhlutfallið reyndist 49% í árslok 2022 en var 47,7% í árslok 2023. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárhlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2022 og 2023.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrri ár á vef Hagstofunnar: www.hagstofa.is.

English summary

Statistics Iceland has compiled and analysed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2023 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of the industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing.

The net profit of fishing and fish processing total decreased between 2022 and 2023 or from 26.3% to 24% (corrected for the effect of changes in the exchange rate according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species decreased from the year before, or from 23.1% of revenue to 19.2%. Net profit of fishing of demersal species decreased from 15.7% to 11.5% and net profit of processing of demersal species decreased from 15% to 13.9%. There was also an decrease in net profit in fishing and processing of fishmeal and fishoil from 42.5% to 41.8%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are 1.059 billion ISK, liabilities are worth of 554 billion ISK and equity 505 billion ISK.

Comparable time series for previous years are available on the website of Statistics Iceland, www.statice.is.

Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluðferð og 6% ávöxtun

Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return

Hlutfall af tekjum	Percent of revenue	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
1.	Sjávarútvegur í heild ^{1,2} <i>Fishing and fish processing, total^{1,2}</i>	7,1	12,2	19,0	20,0	22,0	26,3	24,0
1.1	Veiðar og vinnsla botnfisks ² <i>Fishing and fish processing of demersal species²</i>	9,4	13,9	17,6	18,4	22,5	23,1	19,2
1.1.1	Botnfiskveiðar <i>Fishing of demersal species</i>	3,9	6,4	11,9	13,9	14,0	15,7	11,5
	Bátar <i>Boats</i>	3,1	2,5	13,7	12,9	7,8	10,4	10,3
	Togarar <i>Trawlers</i>	2,4	2,3	9,1	12,2	11,5	11,1	11,0
	Frystiskip <i>Freezing vessels</i>	6,0	14,7	15,5	19,0	23,0	20,5	10,1
1.1.2	Botnfiskvinnsla <i>Processing of demersal species</i>	9,1	12,6	13,5	12,6	17,9	15,0	13,9
	Frysting <i>Freezing</i>	12,8	13,7	15,8	13,9	20,0	16,4	15,1
	Söltun <i>Salting</i>	-0,3	10,1	8,2	9,8	11,4	11,2	10,1
1.2	Veiðar og vinnsla rækju ² <i>Fishing and processing of shrimp²</i>	-	-	-	-	-	-	-
1.3	Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla ² <i>Fishing and processing of pelagic fish²</i>	3,7	7,6	14,0	19,2	28,1	42,5	41,8

¹ Hér eru talðar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðiskip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. *Included here are fishing and processing of demersal species, shrimp, and pelagic fish. Pelagic freezers are included in freezing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.*

² Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. *The income exclude transactions of raw material between enterprises.*

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2023
Table 2. Operating accounts of fishing 2023

Milljónir króna Million ISK		Bátar undir 10 b.t.	Bátar 10–200 b.t.	Bátar >200 b.t.	Uppsjávar- veiðiskip	Ísfisk- togarar	Frysti- Togarar
		Boats less than	Boats 10–200	Boats over	Pelagic	Fresh fish	Freezer
		10 GT	GT	200 GT	vessels	trawlers	Trawlers
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	206.100	6.281	28.946	32.370	57.260	44.265	36.977
1.1 Seldur afli <i>Catches</i>	42.757	–	–	3.013	99	4.703	34.943
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	154.316	6.046	28.630	27.452	54.775	36.392	1.021
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	9.027	235	316	1.905	2.386	3.170	1.014
2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i>	154.690	5.140	23.296	25.232	39.084	32.223	29.715
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen’s shares</i>	51.922	1.185	6.814	7.363	14.472	10.893	11.195
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	5.568	–	2.311	1.811	–	714	732
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	11.110	94	1.414	1.472	3.161	2.621	2.350
2.4 Olíur <i>Oil</i>	20.909	466	2.026	3.263	6.503	4.462	4.189
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	5.595	126	547	264	2.371	1.223	1.063
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	13.105	553	1.478	2.109	4.035	2.442	2.488
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	792	–	–	–	–	–	792
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	1.293	54	432	163	52	312	280
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	1.544	–	158	172	425	273	515
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	1.961	202	526	145	320	299	471
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.913	212	239	267	473	417	305
2.12 Sölu­kostnaður <i>Sales cost</i>	2.202	–	107	316	113	1.277	390
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	3.554	105	482	335	519	1.447	667
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	33.221	2.143	6.763	7.551	6.642	5.844	4.277
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.) <i>Share of capital, gross</i>	51.410	1.141	5.650	7.139	18.175	12.042	7.263
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	24,9	18,2	19,5	22,1	31,7	27,2	19,6
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	10.956	790	1.117	1.455	3.542	2.378	1.674
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	8.706	139	1.798	1.958	950	1.364	2.497
6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit</i> (6.=3.-4.-5.)	31.749	213	2.735	3.725	13.683	8.300	3.092
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	15,4	3,4	9,4	11,5	23,9	18,8	8,4
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	26.502	1.505	1.761	3.672	8.893	7.156	3.514
8. Hreinn hagnaður <i>Profit</i> (8.=3.-7.)	24.909	-364	3.889	3.467	9.282	4.886	3.749
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	12,1	-5,8	13,4	10,7	16,2	11,0	10,1

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2023 (frh.)*Table 2. Operating accounts of fishing 2023 (cont.)*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than 10 GT</i>	Bátar 10–200 b.t. <i>Boats 10–200 GT</i>	Bátar >200 b.t. <i>Boats over 200 GT</i>	Uppsjávar- veiðiskip <i>Pelagic vessels</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- togarar <i>Freezer trawlers</i>
Alls <i>Total</i>						
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>						
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	1.111	780	227	42	23	11
Brúttótonn (b.t. – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	1.124	6	30	685	2.697	2.196
Skráð lengd (metrar – meðaltal)						
<i>Fleet – average length</i>	38	8	13	33	67	61
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	1.838	136	279	744	5.031	3.492
Meðalsmiðaaár <i>Fleet – building year</i>	1997	1992	1996	1991	2005	2004
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	222.049	12.611	14.759	30.764	74.512	59.962
Afli (þúsund tonn) <i>Volume (thousand tonnes)</i>	1.374,8	17,4	88,0	94,8	907,9	147,0
Þorskur <i>Cod</i>	220,3	12,6	51,3	54,1	0,3	78,0
Ýsa <i>Haddock</i>	69,4	0,3	17,8	15,1	0,0	23,8
Ufsi <i>Saithe</i>	42,2	2,1	2,2	5,2	0,1	18,7
Karfi <i>Redfish</i>	39,1	0,1	0,6	4,0	0,1	17,9
Humar <i>Lobster</i>	0,0	–	0,0	–	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	2,6	–	0,6	0,1	–	1,9
Síld <i>Herring</i>	109,8	–	0,0	0,0	101,5	0,0
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	76,5	–	–	–	72,4	–
Loðna <i>Capelin</i>	325,7	–	–	–	317,2	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	292,9	–	–	–	279,5	0,0
Makrill	141,1	0,0	0,0	–	136,3	–
Annað <i>Other</i>	55,1	2,3	15,6	16,3	0,5	6,6
Verðmæti (milljónir kr.) <i>Value (million ISK)</i>	197.326	6.298	28.630	30.465	54.874	41.095
Þorskur <i>Cod</i>	80.660	5.349	19.414	19.248	13	24.539
Ýsa <i>Haddock</i>	18.595	78	4.988	3.621	1	5.554
Ufsi <i>Saithe</i>	10.749	415	454	1.084	7	3.747
Karfi <i>Redfish</i>	10.611	34	195	1.120	3	4.801
Humar <i>Lobster</i>	–	–	–	–	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	859	–	164	30	–	665
Síld <i>Herring</i>	8.862	–	–	–	8.041	–
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	6.494	–	–	–	5.951	–
Loðna <i>Capelin</i>	18.788	–	–	–	18.064	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	11.026	–	–	–	10.562	–
Makrill <i>Mackerel</i>	12.915	–	2	–	12.214	–
Annað <i>Other</i>	17.768	423	3.414	5.362	16	1.788

Skýringar Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað upp þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeildar sem eru með í úrtakinu eru 100% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 100% af tekjum báta 10-200 brúttótonnu, 72% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 62% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 84% af tekjum ísfisktogara og 100% af tekjum frystitogara sem gerir um 87% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafla. *These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 100%; boats 10-200 GRT 100%; boats over 200 GRT 72%; pelagic vessels 62%; fresh fish trawlers 84% and freezer trawlers 100% or 87% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.*

Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2023

Table 3. Operating accounts of fish processing 2023

Milljónir króna Million ISK	Samtals Total	Frysting og rækjuvinnsla Freezing and shrimp prod.	Söltun og hersla Salting and drying	Mjöl- vinnsla Fish meal and fishoil	Ferskfisk vinnsla Fresh fish processing
1. Tekjur alls Operating revenues	323.879	129.184	41.207	61.767	91.721
1.1 Útflutningstekjur Export production	260.845	108.080	38.317	57.309	57.138
1.2. Innanlandssala afurða Domestic sale of products	51.872	18.671	2.317	172	30.713
1.3. Seldur afli - Selt hráefni Domestic sale of fresh fish	4.647	641	106	2.658	1.242
1.4. Aðrar tekjur Other income	6.516	1.793	467	1.628	2.628
2. Aðföng alls Operating expenses	217.847	86.090	29.064	40.402	62.291
2.1. Hráefni Raw fish	176.657	70.818	21.125	31.367	53.346
2.2 Rafmagn Electricity	4.731	1.283	668	2.138	642
2.3 Olíur Oil	1.288	69	11	1.148	61
2.4 Tryggingar Insurance	489	197	66	118	108
2.5 Umbúðir Packaging	9.717	5.243	1.507	276	2.692
2.6 Flutningskostnaður Transportation costs	6.519	2.289	987	1.581	1.662
2.7 Viðhald Maintenance and repair	8.979	3.552	973	2.523	1.931
2.8 Önnur aðföng Other intermediate consumption	9.467	2.639	3.727	1.251	1.849
3. Vinnsluvirði Value added (3=1.-2.)	106.032	43.094	12.143	21.365	29.430
4. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	43.358	20.682	6.752	2.707	13.216
5. Skattar á framleiðslu Taxes on production	3.300	1.614	340	878	469
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)	59.374	20.798	5.051	17.780	15.745
<i>Share of capital, gross</i>					
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	18,3	16,1	12,3	28,8	17,2
7. Afskriftir Depreciation	7.999	3.377	1.186	860	2.576
8. Rekstrarafgangur Operating surplus (8.=6.-7.)	51.375	17.421	3.865	16.920	13.169
9. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	12.748	5.253	1.876	2.551	3.067
10. Hreinn hagnaður (EBT) Net profit (10.=8.-9.)	38.628	12.168	1.989	14.369	10.102
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	11,9	9,4	4,8	23,3	11,0
11. Árgreiðsla 6% Imputed cost of capital 6%	11.516	4.888	1.674	1.261	3.695
12. Hreinn hagnaður Net profit (12.=6.-11.)	47.858	15.911	3.377	16.520	12.050
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	14,8	12,3	8,2	26,7	13,1

Skýringar Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað upp þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af 89% af útflutningi landfrysts botnfisks, 90% af útflutningi botnfisksöltunar, 77% af útflutningi mjölvinnslu og 52% af útflutningi ferskra afurða. sem gerir um 95% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, sildarsöltun og er rekstur þeirra talin með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu. These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 89%; Salted fish 90%; fish meal and oil 77%; fresh fish export 52% or 95% of the total. A separate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in freezing production.

Tafla 4. Efnahagsyfirlit sjávarútvegs 2017–2023*Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2017-2023*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
1. Veltufjármunir <i>Current assets</i>	106.266	118.041	115.821	118.128	146.672	176.196	170.752
1.1 Sjóður og bankainnistæður <i>Cash and bank time deposits</i>	32.522	30.315	39.851	40.637	62.029	75.056	53.675
1.2 Viðskiptakröfur <i>Business claims</i>	36.208	47.174	42.622	40.751	46.822	46.827	41.682
1.3 Birgðir <i>Stocks</i>	30.132	31.571	28.839	30.924	31.040	47.200	64.333
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	7.404	8.981	4.509	5.815	6.780	7.114	11.061
2. Fastafjármunir <i>Fixed assets</i>	544.287	608.997	658.203	720.365	739.959	886.207	888.577
2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur <i>Investments and long term claims</i>	108.223	107.312	111.876	132.878	132.913	204.481	164.548
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipments</i>	168.583	179.505	199.357	213.194	218.916	247.245	246.411
2.3 Aðrar eignir <i>Other assets</i>	267.481	322.180	346.970	374.292	388.130	434.481	477.618
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé <i>Total assets = Total liabilities and equity</i>	650.553	727.038	774.024	838.493	886.631	1.062.404	1.059.329
4. Skuldir <i>Debts</i>	378.415	433.315	442.889	485.783	499.035	542.106	554.152
4.1 Skammtímaskuldir <i>Current liabilities</i>	86.080	110.297	100.873	118.496	113.244	159.037	131.103
4.2 Langtímaskuldir <i>Long term liabilities</i>	292.336	323.018	342.016	367.287	385.791	383.069	423.049
5. Eigið fé <i>Equity</i>	272.138	293.722	331.135	352.710	387.596	520.298	505.177
6. Veltufjárhlutfall <i>Current ratio</i>	1,23	1,07	1,15	1,00	1,30	1,11	1,30
7. Eiginfjárhlutfall <i>Equity ratio</i>	41,8	40,4	42,8	42,1	43,7	49,0	47,7

Skýringar Notes: Upplýsingar um efnahagsyfirlit eru notaðar svo til óbreyttar frá RSK árin 2016–2018 og árin 2021–2022. Árrið 2019–2020 er úrtak Hagstofunnar notað og blásið upp til heildar með heildartekjum í sjávarútvegi alls. Tilfærslur upp á 165 milljarða verða á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhlutdeildar í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum árið 2023. *Mostly unadjusted balance sheet from RSK 2016–2018 and 2021–2022. This register is a standardised register of annual accounts and submitted to tax authorities. In 2019–2020 a sample is gathered by Statistics Iceland and expanded to full capacity of the fisheries industry. Nearly 165 billion krona is transferred from investments and long term claims to equity because of equity shares in other companys.*

Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2023*Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2023*

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	41	100,0	2.723
< 0%	7	12,0	1.909
0 - 5%	9	12,3	1.528
5 - 10%	9	10,0	1.244
10 - 15%	2	4,7	2.623
15 - 20%	3	10,1	3.775
20 - 25%	5	30,0	6.688
> 25%	6	20,9	3.885

Skýringar Notes: Deildir sem frystu botnfisk 2023. *Establishments freezing demersal species in 2023.*

Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2023*Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2023*

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	21	100,0	1.401
< -5%	0	–	–
-5 - 0%	2	5,1	757
0 - 5%	6	10,8	530
5 - 10%	5	25,8	1.521
10 - 15%	3	23,4	2.291
15 - 20%	2	21,1	3.104
20 - 25%	0	–	–
> 25%	3	13,7	1.347

Skýringar Notes: Deildir sem söltuðu botnfisk 2023. *Establishments salting demersal species in 2023.*

Tafla 7. Dreifing afkomu 682 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2023*Table 7. Profit distribution in fishing and fish processing of 682 enterprises in the sample 2023*

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum				Hlutfall tekna af	Hlutfall tekna af	Verg hlutdeild sem hlutfall af tekjum	
<i>Net profit as a percentage of revenue</i>		Hlutdeild í veltu allra í úrtaki	Meðalvelta, millj. kr. <i>Average turnover per establishment,</i>	útgerð útgerð <i>Share of fishing in total</i>	frystitogara frystitogara <i>Share of freezer trawlers in total rev., %</i>		Eiginfjár- hlutfall <i>Equity ratio %</i>
	Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>						
		<i>Share of sample in turnover (%)</i>	<i>million ISK</i>	<i>revenue, %</i>	<i>total rev., %</i>	<i>Revenue %</i>	
Alls Total	682	100,0	624	41,8	10,3	25,0	52,9
< -10	61	1,1	78	15,2	–	-12,1	16,7
-10– -5	30	0,1	19	49,4	–	-1,9	36,9
-5–0	40	1,5	162	38,1	–	0,5	46,8
0–5	63	6,3	429	20,4	–	5,8	57,5
5–10	64	8,4	561	41,7	19,0	10,0	31,5
10–15	74	10,6	611	40,3	14,5	16,4	53,9
15–20	83	5,8	295	52,5	–	20,3	38,8
20–25	71	26,3	1.578	49,6	14,8	27,0	54,5
>25	196	39,7	862	39,7	8,3	35,1	61,5

Skýringar Notes: Með hreinum hagnaði er átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfseminni hvort sem um er að ræða botnfiskeiðar og -vinnslu, uppsjávarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.

Tafla 8. Dreifing eiginfjárlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2022–2023*Table 8. Distribution of equity ratio in all enterprises in the sample 2022–2023*

Eiginfjárlutfall <i>Equity ratio</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Eiginfjár- hlutfall (%) <i>Equity ratio (%)</i>	Hlutdeild í eignum (%) <i>Share of total assets (%)</i>	Hlutdeild í tekjum (%) <i>Share of operating revenue (%)</i>
2023				
Alls Total	682	52,9	100,0	100,0
< -100	53	-218,0	0,0	0,1
-75– -100	13	-86,3	0,0	0,0
-50– -75	21	-59,6	0,0	0,1
-25– -50	33	-40,6	0,1	0,1
0– -25	183	8,3	6,1	8,4
0–25	107	35,2	29,3	35,5
25–50	110	63,1	57,5	49,5
50–75	123	85,5	6,9	6,1
>75	39	100,0	0,0	0,1
<0	303	6,4	6,3	8,8
0>	379	56,0	93,7	91,2
2022				
Alls Total	859	51,5	100	100
< -100	51	-200,5	0	0,2
-75– -100	16	-90	0	0
-50– -75	15	-62	0	0,2
-25– -50	37	-37,1	0,1	0,2
0– -25	357	-4	2,2	5,2
0–25	112	17,5	5,4	9,1
25–50	98	39,5	39,3	37,4
50–75	104	64,4	46,7	41,4
>75	69	83,9	6,2	6,2
<0	475	-9,5	2,4	5,8
0>	383	53	97,6	94,2

Skýringar Notes: Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárlutfalls. *Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.*

Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2023*Table 9. Operating accounts of fishing and fish processing 2023*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Fiskveiðar <i>Fishing</i>	Fiskvinnsla <i>Fish processing</i>	Sjávarútvegur ¹ <i>Fishing industry¹</i>
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	206.100	323.879	303.602
1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>	42.757	260.845	303.602
1.2 Seldur afli – Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	154.316	56.519	—
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	9.027	6.516	0
2. Aðföng alls <i>Operating expenses</i>	84.546	221.147	94.858
2.1. Hráefni <i>Raw material</i>	—	176.657	-34.178
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	—	6.019	6.019
2.3 Olíur <i>Oil</i>	20.909	—	20.909
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.913	489	2.402
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	792	9.717	10.510
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	1.293	6.519	7.812
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	13.105	8.979	22.084
2.8 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	5.595	—	5.595
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	40.938	12.767	53.705
3. Vinnsluvirði <i>Value added (3=1.-2.)</i>	121.555	102.732	208.744
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	70.144	43.358	113.502
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	—	—	—
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) <i>Share of capital, gross</i>	51.410	59.374	110.785
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	24,9	18,3	36,5
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	10.956	7.999	18.955
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8.=6.-7.)</i>	40.455	51.375	91.830
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	8.706	12.748	21.453
10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i>	31.749	38.628	70.376
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	15,4	11,9	23,2
11. Árgreiðsla 6% <i>Imputed cost of capital 6%</i>	26.502	11.516	38.018
12. Hreinn hagnaður <i>Profit (12.=6.-11.)</i>	24.909	47.858	72.767
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	12,1	14,8	24,0

¹ Hér hafa verið felld út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. *Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.*

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2023*Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2023*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals ¹ <i>Total</i>	Þar af: ² Strandveiði- siglingar <i>Costal fishing</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than 10 GT</i>
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	6.281	4.539	1.742
1.1 Seldur afli <i>Catches</i>	–	–	–
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	6.281	4.539	1.742
2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i>	5.140	3.696	1.444
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen's shares</i>	1.185	776	409
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	–	–	–
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	94	93,8	0
2.4 Olíur <i>Oil</i>	466	327	139
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	126	91	35
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	553	400	153
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	–	–	–
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	54	32	22
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	–	–	–
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	202	136	65
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	212	150	62
2.12 Sölu­kostnaður <i>Sales cost</i>	–	–	–
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	105	76	29,0
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	2.143	1.615	528
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)	1.141	843	298
<i>Share of capital, gross</i>			
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	18,2	18,6	17,1
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	790	486	304
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	139	142	3
6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit (6.=3.-4.-5.)</i>	212	215	-8
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	3,4	4,7	-0,5
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	1.505	1.204	301
8. Hreinn hagnaður <i>Profit (8.=3.-7.)</i>	-364	-361	-3
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	-5,8	-8,0	-0,1

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2023 (frh.)*Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2023 (cont.)*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals ¹ <i>Total</i>	Þar af: ² Strandveiði- siglingar <i>Costal fishing</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than 10 GT</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>			
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	780	619	161
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	6	6	6
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	8	8	8
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	136	134	135
Meðalsmiðaaár <i>Fleet – building year</i>	1992	1990	1991
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	12.611	9.915	2.695
Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	17,4	11,38	6,0
Ýsa <i>Haddock</i>	12,6	10,0	2,7
Ýsa <i>Haddock</i>	0,3	0,0	0,3
Ufsi <i>Saithe</i>	2,1	1,3	0,8
Karfi <i>Redfish</i>	0,1	0,1	0,0
Annað <i>Other</i>	2,3	0,0	2,3
Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	6.298	4.539	1.760
Ýsa <i>Haddock</i>	5.349	4.245	1.104
Ýsa <i>Haddock</i>	78	11	67
Ufsi <i>Saithe</i>	415	267	148
Karfi <i>Redfish</i>	34	0	34
Annað <i>Other</i>	423	17	406

Skýringar Notes: Hér eru taldar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar. Rekstraryfirlit 619 strandveiðibáta. *Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included. The operating accounts of 619 costal boats.*

Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 b.t. og báta>30-200 b.t. 2023

Table 12. Operating accounts of boats>10-30 GT and boats>30-200 GT 2023

Milljónir króna Million ISK	Samtals ¹⁾ Bátar >10-200 b.t. Total ¹⁾ Boats >10-200 GT	Bátar >10-30 b.t. Boats >10-30 GT	Bátar >30-200 b.t. Boats >30-200 GT
1. Tekjur alls Operating revenues	28.946	17.462	11.484
1.1 Seldur afli Catches	–	–	–
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	28.630	17.251	11.379
1.3 Aðrar tekjur Other income	316	211	105
2. Gjöld alls Operating expenses	23.296	13.980	9.317
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	6.814	5.855	959
2.2 Önnur laun Other wages	2.311	–	2.311
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	1.414	878	535
2.4 Olíur Oil	2.026	508	1.518
2.5 Veiðarfæri Fishing gear	547	421	126
2.6 Viðhald Maintenance and repair	1.478	985	493
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	–	–	–
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	432	307	125
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	158	78	80
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	526	370	156
2.11 Tryggingar Insurance	239	78	161
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	107	65	42
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	482	299	183
2.14 Önnur gjöld Other expenses	6.763	4.135	2.628
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)	5.650	3.483	2.167
<i>Share of capital, gross</i>			
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	19,5	19,9	18,9
4. Afskriftir Depreciation	1.117	718	446
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	-1.798	-1.583	-241
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)	2.735	1.182	1.962
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	9,4	6,8	17,1
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	1.761	1.091	670
8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)	3.889	2.392	1.497
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	13,4	13,7	13,0

Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 b.t. og báta>30-200 b.t. 2023 (frh)

Table 12. Operating accounts of boats>10-30 GT and boats>30-200 GT 2023 (cont.)

Milljónir króna Million ISK	Samtals Bátar >10-200 b.t. Total Boats >10-200 GT	Bátar >10-30 b.t. Boats >10-30 GT	Bátar >30-200 b.t. Boats >30-200 GT
Upplýsingar um skip Characteristics of vessels			
Fjöldi Fleet - number of vessels	227	194	33
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) Fleet – average GT	30	17	23
Skráð lengd (metrar – meðaltal) Fleet – average length	13	12	13
Vélarstærð (kW) Fleet – average kW	279	259	269
Meðalsmíðaaár Fleet – Building year	1996	1998	1997
Vátryggingaverðmæti (milljónir króna) Insurance value (million ISK)	14.759	9.143	5.616
Afli, þúsund tonn Volume, thousand tonnes			
	88,0	65,1	22,9
Þorskur Cod	51,3	46,0	5,3
Ýsa Haddock	17,8	9,1	8,6
Ufsi Saithe	2,2	0,0	2,1
Karfi Redfish	0,6	0,4	0,2
Humar Lobster	0,0	–	0,0
Rækja Shrimp	0,6	–	0,6
Síld Herring	0,0	–	0,0
Norsk-íslensk síld Atlantic-Scandian herring	–	–	–
Loðna Capelin	–	–	–
Kolmunni Blue withing	–	–	–
Makrill Mackerel	0,0	–	0,0
Annað Other	15,6	9,5	6,0
Verðmæti, milljónir kr. Value, million ISK			
	28.630	17.251	11.379
Þorskur Cod	19.414	12.950	6.464
Ýsa Haddock	4.988	2.704	2.283
Ufsi Saithe	454	131	323
Karfi Redfish	195	141	54
Humar Lobster	–	–	0
Rækja Shrimp	164	–	164
Síld Herring	0,0	–	0,0
Norsk-íslensk síld Atlantic-Scandian herring	–	–	–
Loðna Capelin	–	–	–
Kolmunni Blue withing	–	–	–
Makrill Mackerel	2	–	2
Annað Other	3.414	1.325	2.089

Skýringar Notes: Hér eru talðar veiðar allra báta >10 -30 b.t. og báta >30-200 b.t. Included here are all fishing of small boats >10 -30 GT and boats >30-200 GT.

Hagtíðindi Sjávarútvegur

Statistical Series *Fisheries*

110 árg. ♦ 1. tbl. 9. janúar 2025

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Gyða Þórðardóttir ♦ gyda.thordardottir@hagstofa.is

Atli Páll Helgason ♦ atli.p.helgason@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.